

#### 44. Stjórnarfundur Alnæmisbarna, 6. febrúar 2007

Haldinn kl. 12-13 í einum fundarsal LSH. Mætt: María, Ragna, Bjarni Reyur og Sigurlaug.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt.

María er að ýta á eftir því að fundargerðir CDL verði sendar Gestum, þannig að þær geti síðan borist okkur.

María er búin að senda bréf til UAF og bjóða þeim samstarf um endurhæfingu á ungum mæðrum og nefndi styrk til kaupa lóðar fyrir slíkra starfsemi.

Búið er að greiða CDL húsaleigu, setja stofnfé í nýjan Lánaþjóð að upphæð kr. 100.000,- og greiða skólagjöld.

Frásögn af fundi með utanríkisráðherra í gær

Gestur og María fóru á fund utanríkisráðherra. Valgerður fer til Uganda þann 20. feb. og kemur til með að dvelja þar í 4 daga. Þau kynntu henni verkefnið okkar þar og gáfu henni jafnframt einblöðung um Alnæmisbörn og CLF. Stungið var upp á því að hún heimsækti CLF og hitti Rosettu eða einhvern í stjórn CLF. María skrifaði Ágústu hjá ÞSSÍ í Uganda og upplýsti hana um stöðu mála.

Friðriki Sófussyni var einnig afhentur einblöðungur þar sem kona hans Sigríður Dúna er líka á förum til Uganda í fylgd Valgerðar.

Spurning hvort ekki ætti að endurgera lítinn bækling um Alnæmisbörn frá árinu 2004. Ragna og Bjarni ætla að skoða hvort það sé möguleiki á því að Brynja, sem gerði logoið á sínum tíma, geti einnig gert lay-outið svo við getum prentað hann út og breytt eftir þörfum.

Ný heimasíða

Nýja heimasíða Alnæmisbarna er tilbúin að hluta en það þarf bara að fínþússa hana aðeins betur. T.d. þarf að setja logo Alnæmisbarna á hana. Gunnlaugur Einarsson er að vinna verkið í samvinnu við Bjarna. Gott væri að setja líka stjórnarmeðlimi, lög, stofnfund o.þ.h. undir hnappinn Alnæmisbörn. Einnig hafa einn hnapp með útgefnum efni, greinum og skýrslum. Raða þarf fundargerðunum í rétta röð. Lífga upp á heimasíðuna með litum t.d. appelsínugulum lit sem er algengur í Afríku. Hafa tengla helstu samstarfsaðila okkar á henni eins og Unifem, Barnaheill og styrktaraðila.

Ákveðið að halda einn stjórnarfund á ISOR og fá samtímis kennslu við að setja efni inn á heimasíðuna.

Aðalfundur 15. mars nk. – staður, skýrsla stjórnar, ársreikningur og annað efni

Ákveðið að halda aðalfund Alnæmisbarna fimmtudaginn 15. mars kl. 16:30 – 18:30. Bjarni kannar hvort hægt sé að fá salinn Víðgelmi í Orkugarði fyrir fundinn.

María skrifar skýrslu stjórnar fyrir fundinn og Bjarni gerir ársreikninginn. Hann sér líka til þess að endurskoðendur fari yfir hann.

Íslensk kona, Pálína Matthíasdóttir, hefur unnið við rannsóknarstörf á starfsemi Grameenbanka í Bangladesh sem lið í námi sínu við háskóla í Danmörku. Hún tók viðtöl við starfsfólk, stjórnendur og lánþega bankans. María ætlar að kanna hvort hún geti hitt okkur á stjórnarfundum og sagt okkur betur frá því hvernig þessi lánastarfsemi er skipulögð. Hvernig fólk sé metið til láns, hvað margir fá fyrst lán og hvað langur tími er látin líða áður en aðrir í hópnum fá lán. Hvað hóparnir séu oftast stórir, hvaða vextir séu bestir, hvað oft sé boðið upp á fræðslu, efni fræðslunnar, endurgreiðsluskilmálar, eftirfylgni og sveigjanleiki lánanna. Síðan ætlum við að kanna hvort hún geti líka haldið erindi á aðalfundi okkar þann 15. mars í 20 mínútur.

Bjarni ætlar að kanna hvort Gulli geti á 5 mínútum kynnt nýju heimasíðuna okkar á aðalfundinum. Það gæti ýtt eftir því að fólk skoðaði meir síðuna okkar.

Candle Light – staða, verklagsreglur

Við erum sammála um að við verðum að þróa verklagsreglur fyrir CLF. Fá skýrslu um hvernig hafi gengið, árangursmat. T.d. frá upphafi 2001 og fram til dagsins í dag. Hafa starfsemina gegnsærri en hún er í dag. Einnig væri hægt að gera könnun á því hvernig hafi gengið hjá þeim stúlkum sem séu búnar að vera á CLF. Hvaða áhrif hafði dvöl þeirra í CLF á líf þeirra eftir skólann/CLF?

Í ársskýrslu CLF fyrir árið 2006 kemur fram að það hafi dvalið 44 konur á CLF þar af hafi komið 7 nýjar konur á árinu. Börnin voru 15 að tölu.

Önnur mál

Athuga stjórnarfund með Pálínu, viðskiptafræðingi, þann 21. febrúar á veitingarhúsi.

Halda stjórnarfund með Gulla á ISOR til þess að kenna okkur betur að setja inn á heimasíðuna þann 28. febrúar.

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari